

STARFSREGLUR ÚRSKURÐARNEFNDAR UM RÉTTINDAMÁL NEMENDA

1. GR.

Úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda Listaháskóla Íslands er æðsti úrskurðaraðili innan skólans í agamálum og málum er varða réttindamál nemenda. Nánar tiltekið er um að ræða mál varðandi:

1. Tilhögun námsmats, þ.m.t. fyrirögn prófa, tilhögun einkunnagjafar, skipun prófdómara, birtingu einkunna.
2. Mat á námsframvindu, þ.m.t. rétt til endurtökuprófs.
3. Afgreiðslu umsókna um skólavist þ.m.t. tilhögun mats á námi á milli skóla.
4. Ákvörðun rektors um að víkja nemanda úr skóla vegna agabrota á grundvelli 28. gr. Skólareglna Listaháskóla Íslands.

Nefndin endurmetur ekki prófurlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara.

2. GR.

Úrskurðarnefnd skipa deildarforseti, sem er formaður nefndarinnar, og tveir akademískir starfsmenn. Gæta skal jafnvægis varðandi skipan eftir deildum, en framkvæmdaráð skipar í nefndina. Deildarforsetar kjósa sín á milli hver situr fyrir þeirra hönd sem formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. GR.

Úrskurðarnefnd í réttindamálum nemenda getur með úrskurðum sínum staðfest, breytt eða felld úr gildi ákvarðanir rektors eða deildarforseta í þeim málum, þar sem nemendur telja á rétt sinn hallað sbr. 1. gr. þessara reglna. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir innan skólans.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og þar skal getið helstu gagna sem liggja til grundvallar niðurstöðu. Niðurstöðu skal fylgja stuttur rökstuðningur. Meirihluti atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

Ákvarðanir í málum skal taka svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en innan sex vikna frá því að kæra berst. Úrskurðarnefnd skal leiðbeina námsmanni um málsmeðferð innan nefndarinnar.

4. GR.

Þegar kæra hefur verið lögð fram skal gefa viðkomandi aðila frest til þess að tjá sig skriflega um kærana og önnur gögn, sem námsmaður kann að hafa lagt fram. Frestur þessi skal að jafnaði ekki vera lengri en 2 vikur en þó má veita lengri fresti þegar sérstaklega stendur á. Í lok frestsins skal halda fund í nefndinni með kæranda þar sem önnur viðbótargögn, sem aðilar kjósa að leggja fram, eru afhent og þar sem kæranda gefst tækifæri til þess að tjá sig endanlega um málið.

Þegar öll gögn sem kærandi kýs að leggja fram hafa verið afhent nefndinni skal hún taka málið til úrskurðar.

5. GR.

Nefndinni er heimilt að afla upplýsinga og gagna og óska eftir umsögn um kærumál og jafnframt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Nefndin getur einnig óskað eftir því að tilteknir menn komi til viðtals við hana til þess að tjá sig um málefni, sem tengjast rannsóknarefninu.

6. GR.

Nefndin skal halda málaskrá og gerðarbók. Nefndin skal árlega senda skólastjórn stutta skýrslu um mál sem hún hefur haft afskipti af.

Þannig samþykkt af stjórn skólans 15. september 2016.